



Nefndarsvið Alþingis  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík

21. apríl 2004  
Tilv.nr. 460

**Efni: Frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum, 301. mál og frumvarp til skipulags- og byggingarlaga, 302. mál**

**Á fundi Umhverfisnefndar/Staðardagskrár 21 sem haldin var 4.mars 2004 var eftirfarandi til umfjöllunar:**


Lagt fram bréf umhverfisnefndar Alþingis, þar sem óskað er umsagnar Hafnarfjarðarbæjar um frumvarp til breytinga á skipulags- og byggingarlögum, og breytingu á lögum um umhverfismat. Lögð fram tillaga sviðsstjóra umhverfis- og tæknisviðs að umsögn.

**Afgreiðsla Umhverfisnefndar/Staðardagskrár 21 á erindinu var eftirfarandi:**

*Umhverfisnefnd/Staðardagskrá 21 tekur undir umsögn skipulags- og byggingaráðs.*

Afgreiðsla þessi var staðfest á fundi bæjarstjórnar Hafnarfjarðar þann 23.mars s.l.

F.h. Umhverfis- og tæknisviðs Hafnarfjarðarbæjar.

  
Olga Ingvólfsdóttir

Meðfylgjandi er umsögn sviðsstjóra umhverfis- og tæknisviðs Hafnarfjarðar.

**Efni: Frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum, 301 mál, og frumvarp til skipulags- og byggingarlaga, 302.mál.**

*Minnispunktur sviðsstjóra umhverfis- og tæknisviðs 26.febrúar 2004.*

Hafnarfjarðarbæ barst bréf frá umhverfisnefnd Alþingis dags. 12. febrúar 2004 þar sem lögð voru fram til umsagnar frumvörp til laga um mat á umhverfisáhrifum, 301 mál, matsferli, málskotsréttur o.fl., og frumvarp til skipulags- og byggingarlaga, 302.mál. Óskað er eftir umsögnum fyrir 25. febrúar 2004, en veittur var frestur til 3.mars, þar sem erindið yrði lagt fram til umfjöllunar á fundi Skipulags- og byggingarráðs Hafnarfjarðar 2.mars 2004.

Hér eftir fylgir stutt samantekt á breytingum frá gildandi lögum.

Lmu = lög um mat á umhverfisáhrifum.

Sbl = Skipulags- og byggingarlög

**Lög um mat á umhverfisáhrifum**

1.grein (1.gr.lmu) Viðbót c) Að stuðla að samvinnu þeirra aðila sem hafa hagsmuna að gæta eða láta sig málið varða vegna framkvæmda sem falla undir ákvæði laga þessara.

2.grein (2.gr.lmu) Óveruleg breyting, orðalag.

3.grein (3.gr.lmu) Skilgreiningar

a) (a) "Úrskurði" Skipulagsstofnunar verður "álit".

b) (d) Framkvæmdaleyfi samkvæmt skipulags- og byggingarlögum og starfsemi sem þeim fylgir, og skv. sérlögum.

c) (h) Matsskýrsla, bætt inn mótvægisáðgerðum.

d) (k) Umhverfisáhrif, undanskilin þjóðhagsleg áhrif og arðsemi.

e) (l) Bætti inn: skilgreiningar á umhverfisverndarsamtökum og umsagnaraðilum.

4.grein (4.gr.lmu) Skipulagsstofnun úrskurðar áfram um hvort framkvæmd sé matsskyld, en gefur aðeins álit í stað úrskurðar um sjálfa matsskýrsluna.

5.grein (5.gr.lmu) Skipulagsstofnun getur að höfðu samráði við framkvæmdaraðila og leyfisveitendur ákveðið um sameiginlegt mat fleiri framkvæmda, áður var úrskurðarvaldið hjá umhverfisráðherra.

6.grein (6.gr.lmu) Ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu er ekki lengur kæránleg til ráðherra.

7.grein (8.gr.lmu) Skipulagsstofnun getur fallist á tillögu að matsáætlun með eða án athugasemda. Geri stofnunin athugasemdir skulu þær verða hluti af matsáætlun.

8.grein (9.gr.lmu)

a) 1.mgr. Það verður skylda og ekki lengur heimild til að mat á umhverfisáhrifum sé unnið í samráði við Skipulagsstofnun.

- b) 2.mgr. Í matinu skulu vera tillögur um umhverfisvöktun, þar sem það á við.
- c) Í matsskýrslu skal geta um flokkun og viðmið umhverfisáhrifa einstakra þátta framkvæmdar skv. leiðbeiningum skipulagsstofnunar.

9.grein (10.gr.lmu) Kynna skal Skipulagsstofnun drög að matsskýrslu, en ekki aðeins fullunna skýrslu, þar sem vinna á matið í samráði við Skipulagsstofnun.

f) Skipulagsstofnun kynni drög að matsskýrslu en ekki fullunna skýrslu eins og verið hefur, og athugasemdir eru teknar inn í endanlega matsskýrslu, þar sem matsaðili tekur afstöðu til þeirra.

10.grein (11.gr.lmu) Skipulagsstofnun úrskurðar ekki lengur um hvort mat á umhverfisáhrifum sé fullnægjandi, heldur gefur um það álit, sem kynnt er ráðherra, framkvæmdaraðila, leyfisveitendum, umsagnaraðilum og öðrum sem gert hafa athugasemdir. Telji Skipulagsstofnun að matsskýrslan víki verulega frá auglýstum drögum að matsskýrslu, skal hún auglýst að nýju.

11.grein (ný grein) Ef framkvæmdir hefjast ekki innan 6 ára (10 áður), skal framkvæmdaraðili leita álits Skipulagsstofnunar um þörf á nýju mati. Skipulagsstofnun getur ákveðið að endurskoða skuli matsskýrsluna vegna breyttra forsendna, svo sem náttúrufars, lagaumhverfis, tækniþróunar o.s.frv.

12.grein, tilfærslur milli númera o.fl.

a) (12 og 13.gr.lmu) Kæra má ákvörðun um matsskyldu og endurskoðun matsskýrslu til umhverfisráðherra. Kæruheimild verður takmörkuð við framkvæmdaaðila, þá sem eiga lögvarða hagsmuni og umhverfisverndar- og hagsmunasamtök með fleiri en 50 félagsmenn. Áður gátu allir kært.

b) (ný grein) Ákvörðun sveitarstjórnar um framkvæmdaleyfi samkvæmt SBL fyrir matsskyldar framkvæmdir má kæra til Úrskurðarnefndar um skipulags- og byggingarmála innan mánaðar frá ákvörðun um framkvæmdaleyfi.

13.grein (16.gr.lmu) Framkvæmdaleyfi er ekki lengur háð úrskurði Skipulagsstofnunar um matsskýrsluna, en má þó ekki gefa út fyrr en álit Skipulagsstofnunar eða ákvörðun um að framkvæmd sé ekki matsskyld liggur fyrir. Leyfisveitandi skal kynna sér matsskýrsluna og álit Skipulagsstofnunar áður en framkvæmdaleyfi er veitt.

14.grein (17.gr.lmu) Eftirlit getur verið hjá leyfisveitenda eða öðrum sem falið er það með lögum.

15.grein (19.gr.lmu) Við bætist ákvæði um leiðbeiningabækling Skipulagsstofnunar.

16.grein (ný grein) Heimild Skipulagsstofnunar um undanþágu, í samráði við framkvæmdaraðila, frá þeim frestum sem kveðið er á um í lögum.

17.grein (ákv. til bráðab. II lmu) Heimild til að ljúka þegar byrjuðu er til 1.jan 2006.

18.grein (1.viðauki lmu 23.grein) Efnistaka þar sem fleiri en einn efnistökuastaður ná til samans yfir 50.000 m<sup>2</sup> svæði eða stærra, er ekki alltaf matsskyld (sjá 19.grein-b).

19.grein (2.viðauki lmu) Meta skal hvort þörf er á mati.

- a) (1.tl) 50 ha skóga (áður 200 ha) þar sem ekki liggur fyrir skipulagsáætlun um skógrækt.
- b) (2.tl) Efnistaka þar sem fleiri en einn efnistökuastaður vegna sömu framkvæmdar og á sama svæði ná til samans yfir 25.000 m<sup>2</sup> svæði eða stærra.
- c) (2.tl) Við bætist námuvinnsla af hafs- eða árbotni.
- d) (3.tl) Vatnsorkuver 200 kW í stað 100 kW.
- e) (3.tl) Geymsla jarðefnaeldsneytis einnig neðanjarðar.
- f) (7.tl) Matvælaíðnaður, takmarkast við verndarsvæði.
- g) (10.tl) Framkvæmdir á grunnvirkjum, við bætist iðnaðarsvæði stærri en 15 ha, verslunarmiðstöðvar stærri en 10.000 m<sup>2</sup>, bílastæðahús stærri en 400 stæði og járnbrauta- og samgöngumiðstöðvar.
- h) (10.tl) Flugvellir á verndarsvæðum með minni en 2.100 m langa flugbraut, áður engin lengdartakmörk.
- i) (10.tl) Allar vatnsleiðslur 10 km og lengri og grafnar niður, áður aðeins á verndarsvæðum og ekki aðrar takmarkanir.
- j) (10.tl) Mannvirki til að verjast rofi á strandlengjum, núna aðeins á verndarsvæðum og svæðum á náttúruminjaskrá.
- k) (10.tl) Öll vinnsla grunnvatns og tilflutningur grunnvatns, áður aðeins á verndarsvæðum.
- l) (10.tl) Öll mannvirki til að færa vatnslindir milli vatnasvæða, áður aðeins á verndarsvæðum.
- m) (11.tl) Skolphreinsistöðvar á verndarsvæðum, verður einnig á svæðum á náttúruminjaskrá.

### **Skipulags- og byggingarlög:**

1. grein (6.gr.sbl) Ákvæði um heimild sveitarfélags til að skipa sérstaka eftirlitsnefnd sem hefur eftirlit með matsskyldum framkvæmdum.

2.grein (8.gr.sbl) Úrskurðarnefndin mun einnig fjalla um framkvæmdaleyfi á matsskyldri framkvæmd. - Fjölgað úr 3 í 5 í úrskurðarnefndinni. - Stjórnsýsluþáttur, málsaðild o.þ.h. sem ekki var í SBL áður. Kæruheimild hafa framkvæmdaaðilar, þeir sem eiga lögvarða hagsmuni og umhverfisverndar- og hagsmunasamtök með fleiri en 50 félagsmenn.

3.grein (27.gr.sbl) Óheimilt að gefa út leyfi fyrir framkvæmdum skv. lmu fyrr en álit Skipulagsstofnunar um mat eða matsskyldu liggur fyrir.

4.grein (43.gr.sbl) Ákvæði um málskotsrétt til úrskurðarnefndarinnar fært yfir í 8.grein um úrskurðarnefnd.

5.grein (43.grein sbl) Sama um byggingarleyfi og 3.grein um framkvæmdaleyfi.

-----

**Athugasemdir BJ.**

Það er jákvætt að takmörkun á veitingu framkvæmdaleyfis er ekki lengur í höndum Skipulagsstofnunar, þar sem hún úrskurðar ekki lengur um matsskýrsluna heldur gefur álit. Framkvæmdaleyfisveiting er nú kæránleg til Úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála á sama hátt og byggingarleyfi. Þó ber að líta á það að framkvæmdaleyfi þurfa að vinnast öðruvísi en áður með meiri tilkostnaði fyrir leyfisveitandann (sveitarfélögin). Allt kæruférlíð verður nú leyfisveitandans að taka á og þarf hann að rökstyðja ákvörðun sína á eigin forsendum en getur ekki vísað í úrskurð Skipulagsstofnunar nema að álit leyfisveitandans og Skipulagsstofnunar fari saman.

Á neikvæðu hliðinni má e.t.v. telja að almenningur á ekki lengur kærurétt varðandi matsskyldu eða matsskýrslur (minna lýðræði).